

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 314/97**frá 20. febrúar 1997****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/96 ⁽²⁾, einkum 11. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er mælt fyrir um að einungis sé heimilt að markaðssetja afurðir sem fluttar eru inn frá þriðja landi ef þær eru upprunnar í þriðja landi sem er á skrá sem unnin er í samræmi við skilyrðin sem sett eru í 2. mgr. þeirrar greinar. Slík skrá hefur verið samin í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 522/96 ⁽⁴⁾.

Argentína, Ungverjaland og Sviss hafa sótt um það til framkvæmdastjórnarinnar að breytt verði skilmálunum fyrir því að þeim sé bætt við á skrána sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 og sent inn upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt 2. mgr. 2 gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92.

Holland hefur lagt fram beiðni um að „SKAL“ verði bætt við sem einum eftirlitsaðilanna í Ungverjalandi. Holland hefur áður metið þann eftirlitsaðila og framkvæmdastjórnin hefur lagt þessa beiðni fyrir ungversk yfirvöld. Ungverjaland hefur samþykkt að fyrrnefndum eftirlitsaðila verði bætt við.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 51, 21. 2. 1997, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 59, 8. 3. 1996, bls. 10.

(3) Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.

(4) Stjtið. EB nr. L 77, 27. 3. 1996, bls. 10.

Könnun á upplýsingunum, sem lagðar voru fram, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að kröfurnar jafngildi þeim kröfum sem leiðir af löggjöf bandalagsins.

Til glöggvunar er rétt að kveða í þessari reglugerð á um tæmandi skrá yfir þriðju lönd sem eru viðurkennd samkvæmt fyrirkomulaginu í 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

Til að unnt sé að vinna samkvæmt fyrirkomulaginu í hverju þriðja landi um sig þarf að tilgreina þá aðila sem hafa umsjón með útgáfu eftirlitsvottorðsins sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Viðaukinn við þessa reglugerð komi í stað viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. mars 1997.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR

ARGENTÍNA

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) hafa verið ræktuð í Argentínu.

3. **Eftirlitsaðilar:** „Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert)” og „Organización Internacional Agropecuaria (OIA)”.

4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.

5. **Gildistími viðbótar:** 30. 6. 2000.

ÁSTRALÍA

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) hafa verið ræktuð í Ástralíu.

3. **Eftirlitsaðili:** „Australian quarantine and inspection service (AQUIS)”.

4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.

5. **Gildistími viðbótar:** 30. 6. 2000.

UNGVERJALAND

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) hafa verið ræktuð í Ungverjalandi.

3. **Eftirlitsaðilar:** „Biokultura Asociación” og „SKAL”.
4. **Aðili sem gefur út vottorð:** „Biokultura Asociación” og „SKAL” (skrifstofa í Ungverjalandi).
5. **Gildistími viðbótar:** 30. 6. 1998.

ÍSRAEL

1. **Afurðaflokkar:**
 - a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
 - b) matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) hafa verið ræktuð í Ísrael.
3. **Eftirlitsaðilar:** „Ministry of Agriculture, Plant Protection and Inspection Services (PPIS)” eða „Ministry of Industry and Trade, Food and Vegetable Products, Export Foodstuffs Inspection Service”.
4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.
5. **Gildistími viðbótar:** 30. 6. 2000.

SVISS

1. **Afurðaflokkar:**
 - a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
 - b) matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) hafa verið ræktuð í Sviss eða verið flutt til Sviss:
 - frá Evrópubandalaginu,
 - eða frá þriðja landi innan ramma fyrirkomulags sem viðurkennt er að sé jafngilt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
 - eða frá þriðja landi þegar aðildarríki Evrópusambandsins hefur viðurkennt í samræmi við ákvæði 6. mgr. 11 gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 að sama afurð hafi verið framleidd og skoðuð í viðkomandi þriðja landi samkvæmt sama fyrirkomulagi og viðurkennt er í aðildarríkjum EB.
3. **Eftirlitsaðilar:** „Vereinigung Schweizerischer Biologischer Landbauorganisationen (VSBLO)”, „Institut für Marktökologie (IMO)” og „Forschungsinstitut für Biologischen Landbau (FiBL)”.
4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.
5. **Gildistími viðbótar:** 30. 6. 1998.”